



Starfsáætlun 2024

Bókasafn

Reykjanesbæjar



Starfsáætlun 2024

Bókasafn

Reykjanesbæjar

Reykjanesbær, 13. desember 2024

Inngangur

Tímabundinn niðurskurður fyrir árið 2022 hjá Reykjanesbæ hafði þau áhrif að opnunartími bókasafnsins var stytur um eina klukkustund á laugardögum yfir vetrartímann og lokað á laugardögum frá 1. júní til 31. ágúst. Beðið er eftir svari frá bæjarráði um hvort hægt sé að gera ráð fyrir að opið verði á laugardögum yfir sumartímann 2024. Bókasafn Reykjanesbæjar hlaut Erasmus+ styrk, ásamt samstarfsaðilum frá Slóvakíu, Armeníu og Rúmeníu en samstarfsverkefni snúast um að vinna saman, deila reynslu og þróa spil og kort. Titill verkefnisins er „Strategize YOU(r)th Wellbeing“. Verkefnið samræmist stefnu bókasafnsins er kemur að ungmennum og samfélagslegri þróun auk þess sem verkefnið stuðlar m.a. að eflingu menningar- og vísindastarfsemi, menntunar, símenntunar og íslenskrar tungu. Verkefnastjórnun er á höndum samstarfsaðila okkar í Slóvakíu en verkefnið hlaut um 18.000.000 kr. styrk eða 120.000 Evrur. Ekki er enn ljóst hvenær Stapasafn opnar sem útibú og samsteypusafn. Það verða 2,7 stöðugildi í safninu og ráðið verður í þær stöður þegar að því kemur. Þrátt fyrir áskoranir er starfsfólk safnsins hvergi bangið og mun halda áfram að veita bæjarbúum framúrskarandi þjónustu og krydda bæjarlífið með áhugaverðum verkefnum. Lögð verður áhersla á öflugla starfsemi, góða og skilvirka þjónustu auk grænna og samfélagslegra verkefna. Bókasafnið stendur fyrir stöðugleika og traust en horfir jafnframt til framtíðar. Sérstök áhersla er lögð á að stuðla að framgangi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna innan bókasafnsins og hvívetna í öllu starfi safnsins. Þannig leggur starfsemi bókasafnsins sitt af mörkum til að stuðla að betra samfélagi okkur öllum til handa.

Efnisyfirlit

1. Starfsáætlun 2024.....	5
1.1 Hlutverk	5
2. Markmið og framtíðarsýn.....	5
2.1 Gæðamarkmið.....	6
3. Þjónustustig	6
4. Helstu verkefni á árinu	6
5. Annað.....	9
Lokaorð.....	9

1. Starfsáætlun 2024

1.1 Hlutverk

Bókasafnið er menningar-, upplýsinga- og þekkingarsetur og **mikilvægur samverustaður** bæjarbúa. Bókasafn Reykjanesbæjar starfar skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012 um almenningubókasöfn. Markmið, hlutverk og starfsemi bókasafna eru samkvæmt lögum þau að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Bókasöfn jafna tækifæri fólks í samfélaginu með aðgengi fyrir alla.

2. Markmið og framtíðarsýn

Markmið bókasafnsins er að veita íbúum aðgang að fjölbreyttum safnkosti og upplýsingum á mismunandi formi. Safnið stuðlar að eflingu menningar- og vísindastarfsemi, menntunar, símenntunar, atvinnulífs, íslenskrar tungu, ánægjulesturs og upplýsingalæsis. Í Bókasafni Reykjanesbæjar er veitt þjónusta sem stuðlar að sjálfbærni og þróun samfélagsins þar sem réttur allra til upplýsinga er tryggður. Mikilvægt er að bókasafnið haldi sínu menningarlega forystuhlutverki og þróist í takt við tímann. Grunnildir eru hlutleysi, lýðræði og jafnrétti – jafnt aðgengi að upplýsingum.

Stefna Bókasafns Reykjanesbæjar tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna þegar kemur að sjálfbærni og rýmar við stefnu Reykjanesbæjar með því að styðja börn og fjölskyldur þeirra í að njóta bókmennta og samveru í öruggu rými fyrir alla.

- **Íbúar í fyrsta sæti:** Bókasafnið skal tryggja almenningi jafnan aðgang að upplýsingum þannig að íbúar bæjarins geti tekið virkan þátt í lýðræðissamfélagi. Þjónusta safnsins skal ná til allra bæjarbúa án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu.
- **Nýsköpun:** Bókasafnið skapi aðstaður fyrir þróun og nýsköpun og gegni lykilhlutverki í eflingu læsis á öllum sviðum. Starfsemin og aðstaðan mæti þörfum þeirra sem vilja læra, vinna að eigin verkefnum eða skapa eitthvað í samvinnu við aðra. Aðstaða til viðburðahalds og fræðslu verði eins og best verður á kosið.
- **Samfélagsrými:** Að bókasafnið sé samverurými; staður þar sem bæði gestir og starfsfólk eru þátttakendur í miðlun á upplýsingum og menningu. Að safnið verði lifandi í hugskoti íbúa sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun. Bókasafnið er lifandi staður þar sem bæjarbúar geta ráðið sinni dagskrá sjálfir.

- **Fagmennska:** Að starfsfólk safnsins búi yfir fagmennsku, veiti góða þjónustu og sýni frumkvæði. Að bókasafnið sé eftirsóttur vinnustaður og þar starfi reynslumikið fagfólk með fjölbreyttan bakgrunn og unnið sé með styrkleika hópsins. Unnið sé út frá breytingum í stafrænu umhverfi með fjarvinnu í bland við staðvinnu.

2.1 Gæðamarkmið

Í fjórða sinn eru sett gæðamarkmið í starfsáætlun safnsins. Haldið verður áfram að vinna með aðferðafræði Lean umbótakerfis en Lean styður við stefnu bæjarins þar sem markmið Lean er að bæta sig alla daga. Á árinu verður áhersla á að setja verkferla og eyðublöð í qqc, gæðakerfi Reykjanesbæjar. Einnig verða allar starfsstöðvar aðalsafns og Stapasafns Lean-væddar þannig að allt er á vísum stað. Farið verður í ferlagreiningar innan safnsins auk þess sem teymi verða endurskoðuð.

3. Þjónustustig

Bókasafn Reykjanesbæjar þjónar öllum íbúum Reykjanesbæjar og nærsveita. Starfsfólk Bókasafnsins starfar samkvæmt þjónustustefnu safnsins en markmið stefnunnar er að starfsfólk veiti framúrskarandi þjónustu með lipurð, jákvæðni, trausti, áreiðanleika og fagmennsku að leiðarljósi. Bókasafnið er hlutlaus staður þar sem fullorðnir og börn fá tækifæri til þess að njóta menningar óháð félagslegri stöðu og efnahag. Ekki hefur verið hægt að hafa opið á laugardögum yfir sumartímamann vegna niðurskurðarkröfu sveitarfélagsins og er það miður. Skoða á lengri opnunartíma einn dag í viku yfir veturinn.

4. Helstu verkefni á árinu

Bókasafn Reykjanesbæjar vinnur samkvæmt framtíðarsýn „Í takt við tímann“. Framtíðarsýnin var samþykkt af bæjarstjórn Reykjanesbæjar í apríl 2020.

Lögð verður áhersla á þróun nýrrar þjónustu og verkefna, er varða meðal annars rafræna miðlun og bættu þjónustu við lánþega. Undanfarna mánuði hefur verið unnið í að bæta stafræna þjónustu bókasafnsins m.a. með rafrænum meðlimakortum og RFID tögg á safnkostinn. Í byrjun árs verður hægt að lána út safngögn með því að leggja þau á sjálfsafgreiðsluvélina sem les svo öll útlán í gegnum tögginn. Farið verður í átak með notkun á sjálfsafgreiðsluvél og notkun stafrænna korta fyrir lánþega. Farið verður í átak við að kynna Rafbókasafnið fyrir íbúum bæjarins og innan skólanna, en lánþegar hafa aðgang að Rafbókasafni án auka kostnaðar. Á árinu verður bætt við þjónustuna með aðgengi að rafrænum tímaritum í gengum Rafbókasafnið og hægt er að velja um fjölda tungumála.

Haldið verður áfram með þróun og uppbyggingu safnkosts í Stapasafni í Innri-Njarðvíkurhverfi. Safnið verður samsteypusafn en stefnt er á opnun og samrekstur almennings- og skólabókasafns. Safnkostur verður samnýttur og unnið verður þvert á starfsemina milli aðalsafns og útibús. Stapasafn á að vera framúrstefnulegt og opið rými með langan þjónustutíma og fjölbreyttri starfsemi með sérstaka áherslu á sjálfbærni, heilsu og börn. Stapasafn verður opið með starfsfólki 8-18 alla virka daga og 10-14 á laugardögum en utan þess „staffless“ en þá nota lánþegar aðgangsskírteini og lykilorð og fara í gegnum öryggishliðið.

Bókasafnið stuðlar að inngildingu allra (e. inclusion) og skipuleggur starfsemina þannig að hún sé aðgengileg fyrir alla bæjarbúa. Þetta á við húsnæði, vef og starfsemi.

Eitt stærsta verkefni ársins verður stækkun og breytingar á barnadeildinni ef fjármagn fæst. Barnadeildin í safninu er löngu sprungin og afar brýnt að farið verði í breytingar á aðalhäð safnsins til þess að bæta aðstöðu fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Búið er að fara í rýnisvinnu við það verkefni með aðstoð fjölskyldufólks í bænum til þess að heyra þeirra sjónarmið og þarfir.

Áframhald á reglubundnum verkefnum:

- Kynning á bókmenntaarfinum – samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum með styrk úr Uppbyggingarsjóði ef styrkur fæst.
- Fjölgað verður skráningum á verkferlum í gæðakerfi CCQ frá tveimur til tíu á árinu.
- Heimskonur hittast einu sinni í mánuði yfir vetrartímann í safninu. Haldnir verða viðburðir með Heimskonum og farið verður í átak við að fjölga heimskonum í Reykjanesbæ.
- Samvinna um ýmis fjölmennningarleg verkefni við íbúa líkt og áður.
- Notaleg sögustund með Höllu Karen.
- Reglulegar sögustundir og ratleikir fyrir leikskóla bæjarins bæði í Bókasafni Reykjanesbæjar og Stapasafni.
- Unnið verður að grisjun og tiltekt safnkosts í aðstöðu bókasafnsins í Ramma fyrir flutning geymslunnar í húsnæði á Ásbrú.
- Þjónustusamningur við Keili framlengdur. Nemendur geta fengið aðstoð upplýsingafræðings í gengum Teams og pantað þjónustu í gengum Noona forritið.

- Heima er þar sem hjartað slær verkefnið. Sótt verður um styrk til þess að halda áfram með verkefnið erlendis og vera þar með áttundu vinnustofuna.

Ný verkefni:

Sjálfbærni og deiliahagkerfi

- Bókasafnið markar sér skýrari stefnu í umhverfismálum og leiti leiða til þess að auka sjálfbærni í takt við stefnu Reykjanesbæjar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Bókasafnið hefur alla burði til þess að vera leiðandi í umhverfismálum í sinni stofnun. Farið verður í að uppfæra umhverfisstefnu safnsins og útfæra hringrásar- og deiliahagkerfið sem bóksöfn starfa eftir. Bókasafnið hlaut Erasmus+ styrk að upphæð 60.000 evrur árið 2022 ásamt aðilum frá Hitra í Noregi og Bratislava í Slóvakíu, en sjálfbærni er eitt af áhersluatriðum í Erasmus+ í Evrópu. Markmiðið með samstarfinu er að marka græn spor í sveitarfélögum sem að því standa með hugmyndafræði deiliahagkerfis að leiðarljósi. Sá styrkur klárast á vormánuðum 2024.
- Bókasafnið verður þátttakandi í Erasmus+ verkefni um vellíðan ungs fólks í samstarfi við aðila í Armeníu, Rúmeníu og Slóvakíu. Bókasafnið mun þróa og hanna spil er snúa að markmiðum verkefnisins. Verkefni líkur 2025.
- Tekið verður þátt í Evrópskri Nýtniviku sem er árvekniátak haldið 21. – 29. nóvember en markmið þess er að hvetja fólk til að draga úr óþarfa neyslu, nýta hluti betur og draga þannig úr myndun úrgangs.
- Veislukössum fjölgað. Lánþegar geta fengið fjölnota borðbúnað og veifur að láni.
- Skoðað verður samstarf við Munasafn Reykjavíkur (e. Tool Library) þannig að bæjarbúar fái aðgang að munum og verkfærum með bókasafnskort að vopni.
- Boðið verður upp á að notendur geta bókað tíma og fengið aðstoð í upplýsingalæsi hjá bókasafns- og upplýsingafræðingi í gegnum Noona forritið og einstaklingskennslu í upplýsingalæsi í gegnum Teams.
- Leitað leiða til þess að setja af stað „Lifandi bókasafn“ með söguhlustun. Þá getur fólk spjallað saman og sagt frá reynslu sinni og hlustað á aðra.
- Aukin krafa hefur verið um að klúbbastarf sé aukið í safninu. Það sem hefur hamlað er aðstöðuleysi og mikill niðurskurður á fjárframlögum síðustu ár.
- Skoðað verður að hafa lengri opnunartíma bókasafnsins á miðvikudögum í vetur eða til kl. 21 sem aukið þjónustustig.

- Bætt verður við í Rafbókasafnið í landsaðgangi áskriftum að rafrænum tímaritum í gengum þar sem hægt er að velja um fjölda tungumála. Bókasafn Reykjanesbæjar er með fulltrúa í áskriftarhópi.

Stapasafn

- Byrjað verður á að búa til efni til að kenna upplýsingalæsi fyrir nemendur.
- Kaupa þarf búnað og húsgögn fyrir almenningshluta safnsins.
- Bæta þarf við stöðugildi í Stapasafni skv. áætlun þar um.
- Stapasafn verður opið með starfsfólki 8-18 alla virka daga og 10-14 á laugardögum en utan þess „staffless“ en þá nota lánþegar aðgangsskírteini og lykilorð.
- Setja upp öryggishlið við inn/útgang safnsins.
- Fjölga sögustundum fyrir leikskóla í Innri-Njarðvík; Holt, Akur og Stapaleikskóli.
- Notendum í skólanum verður boðið upp á að panta tíma fyrir hópa inni í safninu.

5. Annað

Starfsemi bókasafnsins er fjölbreytt og mikilvægi safnsins eykst með sífellt vaxandi þörf fólks fyrir upplýsingar, fræðslu, afþreyingu og nám af margvíslegum toga. Bókasafnið er samverustaður þar sem bæjarbúar sækja viðburði og fræðslu, læra, hitta annað fólk, aðra hópa og vinna að verkefnum. Mikilvægt er að taka tillit til fjölbreyttra sjónarmiða, reynsluheima og mismunandi þjóðfélagshópa enda á bókasafnið að vera aðgengilegt og öruggt rými fyrir alla. Starfsemi bókasafnsins styður Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og þau undirmerkið sem Reykjanesbær hefur valið að veita stuðning og vinna að á tímabilinu. Starfsemi og áætlun bókasafnsins styður markmið um menntun fyrir alla, aukinn jöfnuð og sjálfbærni.

Menningarlíf er lýðheilsa og lestur er lýðheilsumál. Innan safnsins verði búin til lestrarhvetjandi verkefni og leikir fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra þar sem boðið er upp á góða aðstöðu. Þetta rýmar við stefnu Reykjanesbæjar og Heimsmarkmiðin um að styðja börn í sínu örugga umhverfi svo þau blómstri og auki einnig vellíðan íbúa. Með tilliti til fjölmenningar er bókasafnið staður í samfélaginu þar sem ekki þarf að greiða aðgang, það er til staðar fyrir alla og allir velkomnir.

Lokaorð

Starfsemi safnsins styður við stefnu Bókasafnsins, Reykjanesbæjar og Heimsmarkmiða með því að skapa umhverfi sem styður við vellíðan, sjálfsstyrkingu, sköpun og sjálfstæði íbúa. Spennandi tímar eru framundan með stækkun barnadeildar og uppbyggingu Stapasafns í

Innri-Njarðvíkurhverfi. Áfram verður unnið af festu að framtíðaráformum í húsnæðismálum bókasafnsins.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS